Fullgild rafræn undirskrift
HREFNA RÓBERTSDÓTTIR
Kennitala: 060961-4339
2026-04-14 15:45:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Þjóðskjalasafn Íslands

## 17 705

# Ársreikningur 2025

## Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................. | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur .................................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................... | **5** |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ......................................... | **6** |
| Skýringar ................................................................................................. | **7** |



**Þjóðskjalasafn Íslands**

**kt. 710269-1149**

**Laugavegi 162, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.
Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.
Eitt meginhlutverk Þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.
Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2025 um 56.060 hillumetra af pappírsskjölum og 9.064 Gb. af rafrænum gögnum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.123,6 milljónir og afkoma kr. -47,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -88,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 332,4 milljónir.

Vegna mistaka við leiðréttingu fjármagnstilfærslna í stað fjárfestingarframlags á árinu 2024 myndaðist skekkja sem leiddi til verri afkomu upp á 80 milljónir króna í ársreikningi þess árs. Í athugasemd við ársreikning 2024 var kveðið á um að þetta yrði leiðrétt árið 2025. Þessar 80 milljónir voru felldar niður í fjárheimildakerfinu árið 2025 með tilsvarandi leiðréttingu á höfuðstóli.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 932.900.000 | 797.600.000 |
| Sala á vöru og þjónustu | 3 | 118.405.323 | 65.825.496 |
| Framlög, gjafir og aðrar tekjur | 4 | 37.172.566 | 61.314.073 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 35.142.474 | 24.398.256 |
| **Tekjur samtals** | | 1.123.620.363 | 949.137.825 |
| **Gjöld** | | | |
| Tilfærslur | | 25.259.998 | 29.159.984 |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 613.479.089 | 558.854.049 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 497.475.332 | 477.979.620 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 7 | 35.142.474 | 24.398.256 |
| **Gjöld samtals** | | 1.171.356.893 | 1.090.391.909 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (47.736.530) | (141.254.084) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 0 | 0 |
| Fjármagnsgjöld | | (80.319) | 0 |
| Gengishagnaður, nettó gengisáhrif | | 0 | 0 |
| | | (80.319) | 0 |
| **Afkoma ársins** | | (47.816.849) | (141.254.084) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | (48.056.851) | (92.994.100) |
| Rekstrartilfærslur | | 240.002 | 31.740.016 |
| Fjármagnstilfærslur | | 0 | (80.000.000) |
| | | (47.816.849) | (141.254.084) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Handbært fé | 8 | 2.915.743 | 11.202.039 |
| Skammtímakröfur | 9 | 10.118.730 | 1.736.290 |
| Tengdir aðilar | 10 | 55.299.476 | 29.146.768 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 11 | 183.379.700 | 55.253.412 |
| Óefnislegar eignir | 12 | 80.731.822 | 54.035.772 |
| **Eignir samtals** | | 332.445.471 | 151.374.281 |
| **Skuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | 13 | 71.440.413 | 66.194.317 |
| Tengdir aðilar | 10 | 30.666.768 | 18.282.351 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | | 318.239.489 | 186.981.963 |
| **Skuldir samtals** | | 420.346.670 | 271.458.631 |
| **Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals** | | (87.901.199) | (120.084.350) |
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign | | (87.952.432) | (120.135.583) |
| Annað eigið fé | | 51.233 | 51.233 |
| **Eigið fé samtals** | 14 | (87.901.199) | (120.084.350) |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 332.445.471 | 151.374.281 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (47.816.849) | (141.254.084) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 35.142.474 | 24.398.256 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (35.142.474) | (24.398.256) |
| | | (47.816.849) | (141.254.084) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Skammtímakröfur | | (8.382.440) | (465.615) |
| Tengdir aðilar | | 42.666.897 | 151.527.762 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 5.246.096 | (9.262.515) |
| | | 39.530.553 | 141.799.632 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | (8.286.296) | 545.548 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna | 12 | (44.817.736) | (44.448.860) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 11 | (145.147.076) | (3.680.478) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 11 | 0 | 210.000 |
| | | (189.964.812) | (47.919.338) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | 0 | |
| Fjárfestingarframlag | | 189.964.812 | 47.919.338 |
| | | 189.964.812 | 47.919.338 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (8.286.296) | 545.548 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 11.202.039 | 10.656.491 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.915.743 | 11.202.039 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 | 905.200.000 | 0 | 0 | 116.400.000 | 1.021.600.000 |
| Fjáraukalög | 0 | 0 | 0 | 50.000.000 | 50.000.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum** | **905.200.000** | **0** | **0** | **166.400.000** | **1.071.600.000** |
| Launabætur | 2.200.000 | 0 | 0 | 0 | 2.200.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 0 | 25.500.000 | 0 | 0 | 25.500.000 |
| **Fjárveiting ársins** | **907.400.000** | **25.500.000** | **0** | **166.400.000** | **1.099.300.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) | (98.595.590) | 58.460.008 | (80.000.000) | 77.692.779 | (42.442.803) |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | 0 | 80.000.000 | 0 | 80.000.000 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu** | **808.804.410** | **83.960.008** | **0** | **244.092.779** | **1.136.857.197** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum | (955.456.851) | (25.259.998) | 0 | (189.964.812) | (1.170.681.661) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2025** | **(146.652.441)** | **58.700.010** | **0** | **54.127.967** | **(33.824.464)** |

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 264.111.522 | 109.289.184 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) | 54.127.967 | 77.692.779 |
| | 318.239.489 | 186.981.963 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.
Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................................................................................................ | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ........................................................................................................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

**Aðrar skuldir**

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | | |
|---|---|---|
| Tekjufærsla fjárveitinga | 932.900.000 | 797.600.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 35.142.474 | 24.398.256 |
| | 968.042.474 | 821.998.256 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 905.200.000 | 0 | 0 | 905.200.000 |
| Launabætur | 2.200.000 | 0 | 0 | 2.200.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 0 | 25.500.000 | 0 | 25.500.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **907.400.000** | **25.500.000** | **0** | **932.900.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (955.456.851) | (25.259.998) | 0 | (980.716.849) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(48.056.851)** | **240.002** | **0** | **(47.816.849)** |

## 3 Sala á vöru og þjónustu

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 100.764.760 | 64.102.226 |
| Verksala | 6.020.754 | 290.100 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 1.074.940 | 907.200 |
| Vörusala I | 4.219.274 | 0 |
| Vörusala II | 6.325.595 | 525.970 |
| | 118.405.323 | 65.825.496 |

## 4 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Framlög frá öðrum ríkisaðila í A1 hluta | 0 | 10.472.234 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 12.013.810 | 25.893.668 |
| Leigutekjur | 25.136.460 | 20.276.840 |
| Ýmsar aðrar tekjur | 22.296 | 4.671.331 |
| | 37.172.566 | 61.314.073 |

## 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 493.242.298 | 447.428.058 |
| Breyting á áföllnu orlofi | 1.940.312 | 4.352.639 |
| Launatengd gjöld | 112.197.492 | 101.693.689 |
| Samtals launakostnaður | 607.380.102 | 553.474.386 |
| Starfsmannakostnaður | 6.098.987 | 5.379.663 |
| | 613.479.089 | 558.854.049 |
| | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 42,6 | 41,3 |

# Skýringar

| 6 Annar rekstrarkostnaður | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.257.828 | 1.621.380 |
| Byggingarvörur, almennar | 331.717 | 101.791 |
| Byggingarvörur, aðrar | 0 | 12.594 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 60.985 | 557.794 |
| Ýmis tæki og áhöld | 2.275.494 | 868.416 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 0 | 129.718 |
| Orkugjafar | 8.149.092 | 7.282.051 |
| Matvæli | 9.879.415 | 8.820.052 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.389.695 | 1.631.323 |
| Vörukaup, almenn | 24.344.226 | 21.025.119 |
| | | |
| Rannsóknarstofuefni | 0 | 40.598 |
| Kennslu- og föndurvörur | 7.000 | 15.950 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 10.366.918 | 16.076.828 |
| Vörukaup, sérgreind | 10.373.918 | 16.133.376 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 3.822.968 | 2.488.090 |
| Ferðir, uppihald | 7.594.898 | 3.953.792 |
| Akstur | 1.615.209 | 1.701.077 |
| Sérfræðiþjónusta | 49.342.910 | 36.640.794 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 152.336 | 143.923 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.837.574 | 5.824.913 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 5.500.605 | 2.393.104 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 69.866.500 | 53.145.693 |
| | | |
| Afnotagjöld | 34.638.542 | 29.943.700 |
| Leigugjöld | 323.682.453 | 328.089.049 |
| Notkun véla og flutningatækja | 890.425 | 1.308.373 |
| Verkkaup | 27.573.505 | 23.765.254 |
| Kostnaðarhlutdeild | 5.413.136 | 3.298.242 |
| Tryggingar, lögboðnar | 386.239 | 0 |
| Opinber gjöld | 282.838 | 1.270.814 |
| Tapaðar kröfur | 23.550 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 392.890.688 | 387.675.432 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 497.475.332 | 477.979.620 |

| 7 Afskriftir og niðurfærslur | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 16.891.572 | 15.540.154 |
| Farartæki og vélar | 129.216 | 129.216 |
| Aðrar eignir | 0 | 4.580 |
| Úreldar eignir | 0 | 0 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 18.121.686 | 8.724.306 |
| | 35.142.474 | 24.398.256 |

## Skýringar

| 8 Handbært fé | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Sjóðir | 0 | 20.505 |
| Innlendar bankainnistæður | 2.915.743 | 11.181.534 |
| | 2.915.743 | 11.202.039 |

**9 Skammtímakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 10.036.855 | 1.736.290 |
| Skammtímakröfur | 81.875 | 0 |
| | 10.118.730 | 1.736.290 |

**10 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 27.850.827 | 16.887.754 |
| Kröfur á tengda aðila | 27.448.649 | 12.259.014 |
| Skuldir við tengda aðila | (30.666.768) | (18.282.351) |
| | 24.632.708 | 10.864.417 |

| 11 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 182.649.124 | 54.393.620 |
| Farartæki og vélar | 730.576 | 859.792 |
| | 183.379.700 | 55.253.412 |
| | 183.379.700 | 55.253.412 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Fasteignir | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2025 | 182.472.412 | 3.237.713 | 0 | 50.000 | 185.760.125 |
| Viðbætur á árinu | 145.147.076 | 0 | 0 | 0 | 145.147.076 |
| Selt/úrelt á árinu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 327.619.488 | 3.237.713 | 0 | 50.000 | 330.907.201 |
| Afskriftir 01.01.2025 | 128.078.792 | 2.377.921 | 0 | 50.000 | 130.506.713 |
| Afskrift ársins | 16.891.572 | 129.216 | 0 | 0 | 17.020.788 |
| Selt/úrelt á árinu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 144.970.364 | 2.507.137 | 0 | 50.000 | 147.527.501 |
| Staða 31.12.2025 | 182.649.124 | 730.576 | 0 | 0 | 183.379.700 |

# Skýringar

| 12 Óefnislegar eignir | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Hugbúnaður | 80.731.822 | 54.035.772 |
| | 80.731.822 | 54.035.772 |

| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025: | Hugbúnaður |
|---|---|
| Stofnverð 01.01.2025 | 70.669.552 |
| Viðbætur á árinu | 44.817.736 |
| | 115.487.288 |
| Niðurfært 01.01.2025 | 16.633.780 |
| Niðurfærsla ársins | 18.121.686 |
| | 34.755.466 |
| Staða 31.12.2025 | 80.731.822 |

| 13 Aðrar skuldir | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Áfallið og ógreitt orlof | 53.717.184 | 51.776.872 |
| Viðskiptaskuldir | 16.270.968 | 13.891.475 |
| Ýmsar skuldir | 1.452.261 | 525.970 |
| | 71.440.413 | 66.194.317 |

**14 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (120.084.350) | 101.169.734 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 80.000.000 | (80.000.000) |
| Afkoma ársins | (47.816.849) | (141.254.084) |
| Jöfnuður 31.12. | (87.901.199) | (120.084.350) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.